

Miðvikudaginn 1. október 1969.

Nr. 132/1969. Kristján Finsson
 gegn
 Magnúsi Blöndal.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Finnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 3. október 1969.

Nr. 171/1969. Margrét Hjaltested fyrir sjálfa sig og ófjárráða börn sín, Margréti, Sigurð Kristján og Karl Lárus,
 gegn
 Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1969, er barst dóminum 25. september 1969, og krafizt þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju, en *til vara*, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og „lagt fyrir fógeta að fresta útburði, unz goldin er skuld varnaraðilja við dánarbú Sigurðar L. Hjaltesteds og félagsbú hans og Margrétar G. Hjaltesteds samkvæmt úttektargerð frá 16. maí 1969, kr. 796.159.00“. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en *til vara*, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og svo að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3. a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknariljar greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Vita ber kæru máls þessa, sem er gersamlega ófyrirsýnju.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, Margrét G. Hjaltested fyrir sjálfa sig og ófjarráða börn sín, Margréti, Sigurð Kristján og Karl Lárus, greiði varnaraðilja, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Kópavogs 14. júlí 1969.

Aðiljar málsins eru gerðarbeiðandi, Magnús Sigurðsson Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, og gerðarþoli, Margrét G. Hjaltested, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, fyrir sjálfa sig og f. h. ófjarráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar Hjaltesteds.

Með úrskurði réttarins, sem upp var kveðinn 25. júní 1968, var fallizt á kröfu gerðarbeiðanda um, að fógeti léti þera út af jörðinni Vatnsenda í Kópavogskaupstað gerðarþola ásamt öllu því, sem henni tilheyri og hverjum þeim, sem leiðir dvöl sína frá rétti hennar. Úrskurðurinn var staðfestur með dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 30. maí 1969.

Sam dag var í Hæstarétti staðfest ákvörðun skiptaréttar Kópavogs um afhendingu á jörðinni til gerðarbeiðanda, gerð á skipta-fundi 7. maí 1968.

Er útburðurinn skyldi fara fram í dag, var þess krafizt af hálfu gerðarþola, að gerðin yrði ekki látin fara fram. Er krafan studd svohljóðandi greinargerð:

„BÓKUN í fúgetaréttarmálinu Magnús Sigurðsson Hjaltested gegn Margréti G. Hjaltested og börnum hennar.

Svo sem kunnugt er hinum háttvirta fúgetarétti svo og skiptaráðanda í dánarbúi mannsins míns, Sigurðar Lárussonar Hjaltested, og félagsbúi hans og mínu, lagði Hæstiréttur svo fyrir 23. apríl 1969, að úttekt skyldi framkvæmd á jörð og húsum að Vatnsenda í Kópavogskaupstað, áður en dómur gengi í útburðarmáli gerðarbeiðanda á hendur mér og börnum mínum, en systkinum gerðarbeiðanda. Gaf dómurinn í þessu skyni hálfs mánaðar frest. Úttekt fór síðan fram lögum samkvæmt, og luku henni upp úttektarmenn kaupstaðarins 16. maí 1969. Samkvæmt téðri úttekt ber viðtakanda staðarins að gjalda búinu leiguliðabót, að upphæð kr. 796.159.00. Eftir reglum 4. mgr. 60. gr. ábúðarlaga nr. 36, 29. marz 1961 eða analogíu téðs lagaboðs skal fé þetta staðgreitt að lokinni úttektargerð, nema aðilar semji um annað, enda er fjárhæðin lögtakskræf skv. 51. gr. laganna. Eftir 13. gr. má þó gjalda með skuldabréfi umræddan fjárhlut, enda greiðist skuldabréfið með jöfnum árlegum afborgunum á fjórum árum og ávaxtist með almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands. Hef ég með bréfi, dags. 10. júlí 1969, krafizt þess, að skiptaráðandi hlutist til um innheimtu á fénu. Ítrekast hér með sú krafa, enda er skiptaráðandi staddur hér á þingi, og er honum rétt og skylt að framfylgja án undandráttar innheimtunni.

Út af hér greindu efni vil ég að öðru leyti taka fram það, sem nú skal greina.

1) Ég býð að flytja innan þess tíma, er um semst, og til vara tafarlaust af staðnum Vatnsenda með fólk mitt og eignir.

2) Fyrir boði því, er nú var rakið sub 1), er það skilyrði, að væntanlegur viðtakandi jarðarinnar, sem in casu er gerðarbeiðandi í þessu máli, gjaldi samkvæmt ákvæðum 50. gr. laga nr. 36/1961 og 51. gr. og 13. gr. sömu laga skiptaráðanda vegna bús míns og hins látna eiginmanns míns leiguliðabót þá, er úttektarmenn gerðu með úttekt sinni 16. maí 1969, kr. 796.159.00, sjá ofanritað. Til vara fellst ég á, að gerðarbeiðandi fái frest eftir samkomulagi, eina til tvær vikur, til að gjalda umrædda leiguliðabót í reiðufé eða með skuldabréfi, enda frestist þá að sama skapi brottflutningur minn af staðnum.

3) Að öðru leyti held ég fyrir mig og börn mín, systkin gerðarbeiðanda, fast við allar kröfur mínar á hendur gerðarbeiðanda, enda eru þær kunnar skiptaráðanda og gerðarbeiðanda svo og hinum háttvirta fúgetarétti.

4) Með tilvísan til ofanritaðs mótmæli ég, að hin umbeðna útburðargerð nái fram að ganga, enda krefst ég úrskurðar um efnið, ef eigi semst um það.

5) Ég krefst þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða mér að mati fógeta allan kostnað minn af gerð þessari.

Vatnsenda, 14. júlí 1969

Virðingarfyllst,

Margrét G. Hjaltested.

Til fógetaréttar Kópavogsskaupstaðar“.

Álit réttarins:

Dómur Hæstaréttar frá 30. maí 1969, sem staðfestir úrskurð fógetaréttarins um útburð, er skilyrðislaus. Krafa gerðarþola er því fjarstæða.

Málskot frestar ekki framkvæmd útburðarins.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, setubæjarfógeti í Kópavogi, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hrundið er kröfu gerðarþola samkvæmt framansögðu.

Föstudaginn 3. október 1969.

Nr. 214/1968. **Valdimar Baldvinsson, umboðs- og heild-verzlun**

(Ragnar Steinbergsson hrl.)

gegn

Protabúi Kaupfélags Austfjarða

(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Protabúi. Riftun fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október s. á. Krefst hann þess, „að staðfest verði gildi fjárnáms-